

Starfsáætlun Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2020

BE1 – Ecumenical course

Námskeið um samkirkjulegmálefni sem fram fer í Kaupmannahöfn 16.-19. Jan 2020. Námskeiðið er haldið á vegum European Fellowship.

Janúarnámskeið - Árshátíð

Leiðtoganámskeið með áherslu á sjálfstyrkingu og samveru mun fara fram í Borgarnesi dagana 24.-25. Janúar. Námskeiðið verður haldið á hótél B59. Janúarnámskeiðið er að festa sig í sessi sem árlegur viðburður hjá ÆSKP, enda gott að koma saman um mitt tímabilið og stilla saman strengi.

Aðalfundur European Fellowship

Í ár mun Aðalfundur European fellowship fara fram í Helsinki dagana 6.-8. Febrúar. Þar verða hefðbundin aðalfundarstörf á dagskrá.

Aðalfundur ÆSKP

Fundurinn fer fram 4. mars í Neskirkju. Á dagskrá eru venjubundin aðalfundarstörf.

Easter Course

Um páskana (5.-12. apríl) mun fara fram árlegt Easter Course námskeið European Fellowship. Í ár verður námskeiðið í Transylvaníu í Rúmeníu, yfirskriftin er: „Take the lead! – Youth participation and youth work“. Skráning á námskeiðið er enn opin.

Kirkjuþing unga fólksins

ÆSKP hefur sinnt undirbúningi og framkvæmd Kirkjuþings unga fólksins í samstarfi við fulltrúa á Biskupsstofu og verður svo aftur í ár. Þingið mun fara fram 16.-17. maí. Við hvetjum aðildarfélögin til að tilnefna fulltrúa á þingið til síns prófast. Eins að undirbúa mál í tíma til að leggja fyrir þingið.

Sumarmót ÆSKP í samstarfi við svæðafélögin

Síðasta sumarmót ÆSKP var haldið 2018, í ár er hugmyndin að endurtakaleikinn með útileigu – sleepover dagana 5. til 6. júní.

Gleðigangan

ÆSKP mun taka þátt í gleðigöngunni í ár að venju. Sigurður Óskar mun leiða verkefnið fyrir hönd ÆSKP. Gleðigangan fer fram 8. ágúst. Við hvetjum öll æskulýðsfélög til þátttöku í viðburðinum og áhugasamir sem vilja taka þátt í undirbúningi atriðis ÆSKP ættu að setja sig í samband við Sigurð við fyrsta tækifæri.

Development meeting

Þar sem miklar breytingar hafa verið á störfum European Fellowship verður haldinn auka skipulags og þróunarfundur í September til þess að fara í endurskilgreiningu og skipulagningu fyrir starf samtakana.

Hautnámskeið ÆSKP og ÆSKR

Verður haldið í Reykjavík, í tengslum við Hautnámskeið Biskupsstofu. Í ár verður meðal annars námskeiðið Verndum þau.

FARSKÓLINN

Farskóli leiðtogaefna er eitt af flaggskipum æskulýðsstarfsins. Í ár eru 17 nemendur af höfuðborgarsvæðinu og frá Selfossi. Stefnt er að útskrift úr Farskóla leiðtogaefna 20. mars næst komandi. Skólinn er samstarfsverkefni ÆSKP, ÆSKR og Biskupsstofu. Skólastjóri er Magnea Sverrisdóttir.

Farskólinn er einnig kenndur á vegum ÆSKA og ÆSKY í samstarfi við Biskupsstofu. 25 þátttakendur eru á svæðinu. Skólastjóri er Jóhann Þorsteinsson Hjaltdal.

Landsmót

Landsmót er stærsta verkefni ÆSKP, bæði hvað varðar umfang og vinnu. Landsmót verður að þessu sinni haldið á Sauðárkróki í lok október. Lokadagsetning er væntanleg, en bæjarstjórn hefur lagt upp með að mótið fari fram í vetrarfríi grunnskólans, sem hefur ekki verið ákveðið. Þema mótsins í ár er Lifandi Landsmót.